

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2002

frá 12. júlí 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2002 frá 25. júní 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 2001/110/EB frá 20. desember 2001 varðandi hunang ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun ráðsins 2001/111/EB frá 20. desember 2001 varðandi tiltekna sykrur til manneðis ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun ráðsins 2001/112/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsafa og tiltekna álíka vörur til manneðis ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun ráðsins 2001/113/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsultu, ávaxtahlaup og -m auk og kastaníuhnetum auk með sætuefni til manneðis ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Tilskipun ráðsins 2001/114/EB frá 20. desember 2001 varðandi tiltekna mjólk til manneðis sem er að hluta til eða algerlega vatnssneydd og rotvarin ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Tilskipun 2001/110/EB fellir úr gildi, frá 1. ágúst 2003, tilskipun ráðsins 74/409/EBE ⁽⁷⁾ sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 53.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 67.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 15, 17.1.2002, bls. 19.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 221, 12.8.1974, bls. 10.

- 8) Tilskipun 2001/111/EB fellir úr gildi, frá 12. júlí 2003, tilskipun ráðsins 73/437/EBE ⁽⁸⁾ sem er hluti af samningum og ber því að fella hana brott úr honum.
- 9) Tilskipun 2001/112/EB fellir úr gildi, frá 12. júlí 2003, tilskipun ráðsins 93/77/EBE ⁽⁹⁾ sem er hluti af samningum og ber því að fella hana brott úr honum.
- 10) Tilskipun 2001/113/EB fellir úr gildi, frá 12. júlí 2003, tilskipun ráðsins 79/693/EBE ⁽¹⁰⁾ sem er hluti af samningum og ber því að fella hana brott úr honum.
- 11) Tilskipun 2001/114/EB fellir úr gildi, frá 17. júlí 2003, tilskipun ráðsins 76/118/EBE ⁽¹¹⁾ sem er hluti af samningum og ber því að fella hana brott úr honum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi komi aftan við lið 54zn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 466/2001):

„54zo. **32001 L 0110:** Tilskipun ráðsins 2001/110/EB frá 20. desember 2001 varðandi hunang (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47).

54zp. **32001 L 0111:** Tilskipun ráðsins 2001/111/EB frá 20. desember 2001 varðandi tiltekna sykrur til manndis (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 53).

54zq. **32001 L 0112:** Tilskipun ráðsins 2001/112/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsafa og tiltekna álíka vörur til manndis (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58).

54zr. **32001 L 0113:** Tilskipun ráðsins 2001/113/EB frá 20. desember 2001 varðandi aldinsultu, ávaxtahlaup og -m auk og kastaníuhnetum auk með sætuefni til manndis (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 67).

54zs. **32001 L 0114:** Tilskipun ráðsins 2001/114/EB frá 20. desember 2001 varðandi tiltekna mjólk til manndis sem er að hluta til eða algerlega vatnssneydd og rotvarin (Stjtið. EB L 15, 17.1.2002, bls. 19).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 356, 27.12.1973, bls. 71.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 244, 30.9.1993, bls. 23.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 205, 13.8.1979, bls. 5.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1976, bls. 49.

Eftirfarandi bætist við í II. viðauka:

„k) Íslenska heitið „niðurseydd nýmjólk“ og norska heitið „fløtepulver“ tákna vöruna sem skilgreind er í a-lið 2. tölul. í I. viðauka.““

2. Texti 7. liðar (tilskipun ráðsins 73/437/EBE) skall felldur niður með gildistöku frá 12. júlí 2003.
3. Texti 9. liðar (tilskipun ráðsins 74/409/EBE) skall felldur niður með gildistöku frá 1. ágúst 2003.
4. Texti 11. liðar (tilskipun ráðsins 76/118/EBE) skall felldur niður með gildistöku frá 17. júlí 2003.
5. Texti 19. liðar (tilskipun ráðsins 79/693/EBE) skall felldur niður með gildistöku frá 12. júlí 2003.
6. Texti liðar 54m (tilskipun ráðsins 93/77/EBE) skall felldur niður með gildistöku frá 12. júlí 2003.

2. gr.

Texti tilskipana 2001/110/EB, 2001/111/EB, 2001/112/EB, 2001/113/EB og 2001/114/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Gunnar Snorri Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann